



264. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 6. mars 2018, kl. 14 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt: Jón G. Valgeirsson, formaður, Ágúst Sigurðsson, Anna Björg Níelsdóttir, Ari B. Thorarensen og Ásta Stefánsdóttir, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Stefán Gíslason.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Orkugerðin ehf.

Lögð var fram bókun sveitarstjórnar Flóahrepps vegna lyktarmengunar frá Orkugerðinni. Stjórn SOS tekur undir að mikilvægt sé að hafa starfsemina í góðu lagi og sátt við samfélagið. Með það að leiðarljósi tók stjórnin þátt í að auka hlutafé Orkugerðarinnar til að félagið hefði meiri burði til að vinna að þróun verksmiðjunnar og til að gera þær úrbætur sem þarf.

2. Kirkjuferjuháleiga.

Rætt var um starfsleyfi Kirkjuferjuháleigu og eftirlit Umhverfisstofnunar skv. skilyrðum starfsleyfisins.

3. Viðræður við SSH (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) o.fl.

Seinna í dag verður sameiginlegur fundur með SOS, SSH og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, þar sem farið verður yfir gögn sem liggja fyrir eftir þá vinnu sem ráðist var í vegna skoðunar á möguleikum á að urða óvirkan úrgang á starfssvæði SOS. Þar verður einnig fjallað um greiningu á möguleikum samvinnu SOS, SORPU, Kólku og Sorpstöð Vesturlands varðandi meðhöndlun úrgangs og þær áskoranir varðandi úrgangsmál sem suðvesturhornið stendur frammi fyrir næstu áratugina.

4. Tillögur stjórnar SOS um úrgangmál á Suðurlandi.

Stefán Gíslason fór yfir stöðu verkefna. Spurningakönnun meðal fyrirtækja er í undirbúningi og unnið er að samantekt um úrgangsmagn fyrir árið 2017.

5. Önnur mál.

a) heimasíða SOS, Alda Alfreðsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið. Unnið er að uppfærslu heimasíðunnar.

b) ársreikningur, Bjarni Guðmundsson kom inn á fundinn undir þessum lið. Stefnt er að næsta fundi þriðjudaginn 24. apríl kl. 14 að Austurvegi 56, Selfossi til afgreiðslu á ársreikningi.

c) Heimsókn í Stykkishólm, hluti stjórnar hyggur á skoðunarferð í Stykkishólm n.k. þriðjudag, til að skoða jarðgerð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.